

Nd.

**409. Tillaga**

til þingsályktunar.

Frá Jóni Þorkelssyni.

Neðri deild alþingis ályktar að skora á landsstjórnina, að hún gangist sjálf fyrir því að taka manntal það, er fram skal fara hér á landi árið 1910, og geri sjálf allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, svo og að hún sjálf sjái um, að unninn sé úr því allur sá hagfræðislegi fróðleikur, sem þörf er á, en Hagfræðisskrifstofan (Statistisk Bureau) í Kaupmannahöfn sé upp hédan leyst af þeim starfa.